

Menntaskólinn við Hamrahlíð FRAN2EE05

Undanfari FRAN2DD05

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga gefst kostur á að dýpka skilning á menningu viðkomandi tungumálasvæðis. Áfram er unnið með færniþættina fjóra, hlustun, lestur, tal og ritun eftir því sem viðfangsefni gefa tilefni til. Ætlast er til að nemendur sýni meira sjálfstæði en fyrr í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla. Unnið er með námsefni af menningarlegum toga. Nemendur lesa bókmenntir og texta tengda menningu hins frönskumælandi heims með það að leiðarljósi að auka orðaforða og þekkingu á sérkennum hans. Þemun geta verið einstök lönd, saga, stjórnsmál, siðir, hefðir og einstakar listgreinar.

### Áfangamarkmið

#### Skilningur

- a. Hlustun: Nemandi á að: geta fylgt meginþræði í samræðum um málefni sem hann þekkir, geta náð megininntaki í lengri frásögn og aðalþræði í námsefni sem ekki hefur verið samið fyrir erlendra námsmenn sérstaklega.
- b. Lestur: Nemandi á að: geta lesið og skilið bókmenntatexta og greinar í tímaritum um valið efni, geta áttað sig á meginefni þyngri texta þó hann skilji ekki hvert orð, geta skilið texta um efni sem hann hefur ekki áður kynnst og greint lykilatriði.

#### Talað mál

- a. Samræður: Nemandi á að: geta fylgst með og tekið þátt í kennslunni á frönsku, geta óundirbúinn tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á.
- b. Frásögn: Nemandi á að: geta sagt frá og haldið uppi samræðum um undirbúin viðfangsefni, geta dregið saman aðalatriði úr skáldsögum eða greinum úr fjölmiðlum og notað til þess fjölbreyttan orðaforða.

#### Ritun

Nemandi á að: geta beitt málnotkunarreglum þannig að notkun þeirra valdi ekki misskilningi, geta lýst eigin upplifun og túlkun á málefnum í rituðu máli, geta skrifað lengri texta en áður með fjölbreyttari orðaforða.

Námsmat: Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Áfanginn er próflaus.